



HRUNAMANNAHREPPUR

27. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

14. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 3. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Umhverfisnefnd: Fundargerð 6. fundar frá 27. júní sl.

Lögð fram fundargerð 6. fundar Umhverfisnefndar.

Sveitarstjórn tekur undir þakkir nefndarinnar til fyrrverandi formanns, Brynju Sólveigar Pálsdóttur, sem flutt hefur úr sveitarfélaginu og óskar henni og fjölskyldu hennar velfarnaðar á nýjum stað.

Sveitarstjórn þakkar nefndinni góðar tillögur að brýnum samgöngubótum í sveitarfélaginu sem Samgöngunefnd SASS verða nú sendar.

Tillögur nefndarinnar að framkvæmdum innan sveitarfélagsins lúta að mikilvægi tveggja akreina brúar yfir Brúarhlöð þar sem umferð hefur aukist mjög að undanfögnu. Allt bendir til þess að umferðin muni aukast enn frekar með fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu og væntum breyttum ferðaleiðum ferðamanna með tilkomu brúar við Árnas.

Huga þarf að uppbyggingu og klæðningu vegarins um Kirkjuskarð en umferð um þann veg hefur aukist mikið og vegurinn er í slæmu ásigkomulagi. Einnig er brýnt að byggja upp og klæða Auðsholtsveginn en vegurinn verður fyrir ágangi vatns þegar flóð verða í ám á svæðinu og lokast hann því oft af þeim ástæðum. Því er nauðsynlegt að vegurinn verði hækkaður og hann varinn þannig að þessi eina leið ábúenda á svæðinu lokist ekki í flóðum.

Sveitarstjórn vill einnig ítreka nauðsyn þess að vegurinn inn að Hrunalaug verði bættur en gestakomum þangað fer sífellt fjölgandi með bættri og aukinni aðstöðu og uppbyggingu á svæðinu.

Hvað rekstur og viðhald varðar vill sveitarstjórn taka undir með nefndinni og ítreka fyrri óskir um bættu vetrarþjónustu þannig að alla daga sé hreinsaður snjór og hálfuvarið á vegum. Einnig þarf að huga að umferðaröryggi á vegum í sveitarfélaginu en umferð hefur marktækt aukist á svæðinu.

Sveitarstjórn tekur einnig undir aðrar hugmyndir og ábendingar nefndarinnar að samgönguúrbótum á Suðurlandi og hvetur Samgöngunefnd SASS og önnur sveitarfélög á svæðinu til að standa að öflugum samtali við Vegagerðina og ráðamenn varðandi uppbyggingu vegakerfisins á Suðurlandi, því svæði þar sem fjölgun íbúa er hvað mest og fjöldi ferðamanna einnig.

Sveitarstjórn tekur undir ábendingar og tilmæli nefndarinnar til íbúa þar sem hvatt er til góðrar umgengni um lóðir og einnig að íbúar hreinsi upp ágengar gróðurtegundir svo sem njóla og ekki síst kerfil til að sporna við útbreiðslu þessara tegunda.

Sveitarstjóra falið að vinna drög að erindisbréfi fyrir nefndina sem lagt verður fyrir sveitarstjórn og Umhverfisnefnd til umsagnar áður en það tekur gildi. Varðandi gerð umhverfisstefnu þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að gera tillögu til sveitarstjórnar um tilhögun að gerð stefnunnar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. **Veitustjórn: Fundargerð 8. fundar frá 12. júlí sl.**

Lögð fram fundargerð 8. fundar Veitustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar þeim áfanga að nýr vatnstankur í Berghylsfjalli hafi verið tekinn í notkun.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

3. **SASS: Fundargerð 597. fundar stjórnar frá 30. júní sl.**

Lögð fram fundargerð 597. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Aukaaðalfundur Bergrisans bs. frá 15. júní 2023.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

5. **Ályktun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um bakvaktir lækna í Laugarási.**

Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSu kom á fundinn í fjarfundabúnaði undir þessum lið og skýrði sjónarmið stofnunarinnar vegna skipulagsbreytinga á Heilsugæslunni í Laugarási.

Lögð fram eftirfarandi bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skorar á stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) að tryggja íbúum og gestum Uppsveita Árnassýslu eins góða bráðþjónustu og kostur er, sérstaklega í ljósi þess gríðarlega fjölda fólks sem hér dvelur daglega, allt árið um kring, bæði íbúar og ekki síður gestir svæðisins.

Greinargerð:

Samningum um bakvaktir lækna sem starfa í Laugarási hefur verið sagt upp frá og með 1. september næstkomandi. Eftir mánuð verður þar með enginn læknir á vakt í Uppsveitum Árnassýslu eftir að dagvinnu lýkur en læknir á bakvakt hefur hingað til sinnt bráðatilfellum sem komið hafa upp á svæðinu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur afar mikilvægt að gott viðbragð sérhæfðra aðila sé til staðar í Uppsveitum Árnassýslu, að fyrsta viðbragð sé öflugt og að brugðist sé hratt og vel við þegar mínútur geta skipt sköpum.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skorar á stjórnendur HSu að tryggja bráðþjónustu í Uppsveitum, þar mætti til dæmis nefna mögulega viðveru sjúkrabifreiðar og sérhæfðra sjúkraflutningamanna sem sinnt gætu fyrsta viðbragði en slíkt væri algjörlega nauðsynlegt ef að fyrirhugaðar breytingar á bakvöktum verða að veruleika.

Öflug heilsugæsla er afar mikilvæg hverju samfélagi og því nauðsynlegt að henni sé sinnt eins og lög gera ráð fyrir. Það er sveitarstjórn Hrunamannahrepps kappsmál að heilsugæsla í Uppsveitunum sé með þeim hætti að hún geti sinnt þörfum íbúa og gesta svæðisins með sem allra bestum hætti og að öryggi þessa stóra hóps sé þar með vel tryggt. Sveitarstjórn hvetur einnig stjórnendur HSu til að skoða þann möguleika að læknavakt verði í boði seinnipart dags hér í Uppsveitunum.

6. Umsagnarbeiðni frá Innviðaráðuneytinu um grænbók um skipulagsmál frá 27. júlí 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Innviðaráðuneytinu um grænbók um skipulagsmál.

Lagt fram til kynningar.

7. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, tækifærisleyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um tækifærisleyfi vegna tónleika og dansleika í Félagsheimili Hrunamannahrepps um verslunarmannahelgi 2023.

Sveitarstjórn samþykkir umrætt leyfi.

8. Bréf frá Bændasamtökum Íslands frá 6. júlí 2023.

Lagt fram bréf frá Bændasamtökum Íslands þar sem farið er yfir helstu sjónarmið er varða lausagöngu og ágang búfjár, og það álitafni hvort lausaganga búfjár í ógirtum heimalöndum geti talist ágangur.

Lagt fram til kynningar en jafnframt er erindinu vísað til afréttarmálanefndar.

9. Bréf frá Umhyggju félagi langveikra barna frá 22. júní 2023.

Lagt fram bréf frá Umhyggju félagi langveikra barna þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélögin með því að bjóða fólki frítt í sund á milli kl. 14-16 á Umhyggjudegi sem haldinn verður 26. eða 27. ágúst nk.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

10. Bréf frá ADHD samtökunum frá 26. júlí 2023.

Lagt fram bréf frá ADHD samtökunum þar sem samtökin óska eftir samstarfi við Hrunamannahrepp um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu, um ADHD og fyrir fólk með ADHD. Samstarfið gæti verið í formi reglulegs námskeiðshalds fyrir starfsmenn bæjarins sem vinna með börnum með ADHD eða beins styrks við starfsemi samtakanna á svæðinu. Óskað er eftir styrk allt að kr. 250.000 sem nýttur yrði samkvæmt nánara samkomulagi.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

11. Bréf frá Sigurði Hjalta Magnússyni frá 6. júlí 2023.

Lagt fram bréf frá Sigurði Hjalta Magnússyni vegna skógarkerfils í Hrunamannahreppi. Sigurður hefur undanfarin ár ásamt Guðmundi bróður sínum reynt að sporna gegn útbreiðslu skógarkerfilsins en telur að tímabært sé að sveitarstjórn taki við þessu varnarstarfi sé talin ástæða til að halda því áfram.

Sveitarstjórn þakkar bréfitara greinargott erindi og tekur undir öll þau sjónarmið sem fram koma í erindinu og mun vinna málið áfram með umhverfisnefnd og starfsmönnum sveitarfélagsins. Ekkert getur þó unnist í málinu nema með samstilltu átaki allra íbúa og ríkri meðvitund um þann skaða sem óheft útbreiðsla kerfils, njóla og annarra ágengra gróðurtegunda getur valdið í sveitarfélaginu.

12. Samningur um samstarf á sviði atvinnu- og byggðarþróunar í Uppsveitum Árnassýslu.

Lagður fram samningur um samstarf á sviði atvinnu- og byggðarþróunar í Uppsveitum Árnassýslu.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

Verkfundargerðir:

13. Byggð á Bríkum: Verkfundargerð 12. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

a. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 931. fundar stjórnar frá 22.06 sl.

Lagt fram til kynningar.

b. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 65. fundar stjórnar frá 22. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:11.